SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/273
komudagur 31.10.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræði 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 30. október 2012

Umsögn um 28. mál á 141. löggjafarþingi: Ætlað samþykki við líffæragjafir.

Siðmennt vill ítreka umsögn sína sem félagið sendi í tilefni meðferðar málsins á 140. þingi (476. mál). Fylgir hún því með þessu bréfi.

F.h. Siðmenntar,
Svavar Kjarrval Lúthersson

SIÐMENNT

www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndasvið Alþingis

Austurstræði 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 7.5.2012

Efni : Tillaga til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir.

Siðmennt vill þakka fyrir að fá tækifæri til að fjalla um þingsályktunartillögu Alþingis um ætlað samþykki við líffæragjafir, 476. mál., Þingskjal 730, 140. löggjafarþing sbr. tölvupóst nefndasviðs Alþingis.

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru siðferðilegir hornsteinar manngildishyggjunnar/húmanismans. Siðmennt eru frjáls félagasamtök sem byggja starfsemi sína og lífssýn á manngildishugsjóninni. Lögð er áhersla á persónulegt frelsi mannsins en jafnframt ábyrgð einstaklingsins gagnvart náunga sínum.

Innan Siðmenntar er jákvæð afstaða gagnvart þingsályktunartillögunni, því í henni felst það gildi að menn skuli bera umhyggju fyrir náunga sínum og í þessu tilfelli með því að leyfa öðrum að njóta líffæra sinna að þeim látnum. Með frumvarpi til laga um líffæragjafir eða breytingar á núgildandi lögum um brottnám líffæra, nr. 16/1991, í þá veru að gert verði ráð fyrir „ætluðu samþykki“ hins látna við líffæragjafir væri byggt á þeirri grunnhugmynd að fólk vilji almennt velgjörð í garð náungans.

Siðmennt tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að mjög mikilvægt er að fræða almenning um líffæragjafir og þar á meðal við hvaða skilyrði líffæri eru numin úr fólki. Jafnframt skal lögð áhersla á að einstaklingar og aðstandendur þeirra séu fullvissaðir um að aldrei komi til snemmbærar líffæratöku né heldur komi til takmörkun meðferðar hjá einstaklingum sem mögulega teldust líffæragjafar.

Í greinagerð tillögunnar er til vara lagt til að almenningi verði boðið að láta skrá vilja líffæragjafa í ökuskírteini viðkomandi, verði ekki farin sú leið að gera ráð fyrir „ætluðu samþykki“ í lögum. Siðmennt telur að það megi skoða þennan kost nánar. Í þessu sambandi skal árétt að öryggi líffæraþega verði tryggt eins og kostur er með aðgangi að mikilvægum upplýsingum um heilsufar líffæragjafa, meðal annars með því að tryggja beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa, sbr. lög nr.55/2009 um sjúkraskrár.

Ljóst er að mikilvægt er að mál þetta fái farsælan framgang því allir hafa hugsanlega hag af því einhvern tíman á ævinni. Ætlað samþykki einfaldar til mikilla muna ferli líffæragjafar. Öryggisþátturinn er mikilvægur og má ekki slaka á honum að neinu leyti. Aldrei má til þess koma að líffæraþegi eða líffæraþegar beri skaða af því að þiggja líffæri vegna annmarka í aðgangi að sjúkraskrám.

F.h. Siðmenntar:

Hope Knútsson, formaður